



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti  
Arnarhvoli  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. febrúar 2006  
Tilvísun: 2006010064  
Bréfalykill: 50.15  
Verknúmer: 4241000

### **Efni: Umsögn um umsókn um styrk vegna hitunar sumarhúss með varmadælu**

Sótt var um styrk að upphæð kr. 500.000 til iðnaðarráðuneytis.

Varmadælar hafa lengi verið notaðar á Norðurlöndum með góðum árangri. Gnægð jarðhita og niðurgreiðsla rafhitunar á Íslandi draga í flestum tilvikum verulega úr hagkvæmni varmadæla hér á landi. Í skýrslu Ragnars K. Ásmundssonar um varmadælar kemur þó fram að oft sé hægt að mæla með uppsetningu varmadæla í sumarhúsum þar sem niðurgreiðsla nýtur ekki. Í sömu skýrslu kemur fram að stofnkostnaður varmadælu sé á bilinu 1-1,5 milljón eftir því hvort borun sé nauðsynleg. Umbeðin styrkuppþæð ætti því að vera 30-50% af heildarstofnkostnaði.

Sumarhúsbyggðir landsins stækka hratt og víða ætti að vera möguleiki að draga úr orkukostnaði við hitun með varmadælum. Undirritaður tekur undir þau rök umsækjanda að nauðsynlegt sé að afla verkunnáttu og þjálfna iðnaðarmenn í uppsetningu og rekstri varmadæla.

Lagt er til að umsóknin verði samþykkt með þeim skilyrðum að umsækjandi skili inn skýrslu um kostnað við uppsetningu og yfirliti yfir rekstur varmadællunnar í eitt ár.

Með kveðju

Sigurður Ingi Friðleifsson  
Framkvæmdarstjóri Orkuseturs